

# Stefna Akraneskaupstaðar í öldrunarþjónustu

Mars 2024

Útgáfa	Breytingar	Staðfest af	Dags.
1.0	Ný stefna	Bæjarstjórn	12. mars 2024

## 1 Inngangur

Aldurssamsetning þjóðarinnar breytist nú hratt. Eldra fólk lifir lengur en áður, og hópurinn er fjölbreyttur, en almennt má segja að fólk á þessum aldri sé virkara og hraustara en nokkru sinni fyrr. Þjónusta við eldra fólk þarf að þróast í takt við þessar breytingar og því hefur Akraneskaupstaður markað sér stefnu í öldrunarþjónustu.

## 2 Markmið og gildissvið

Með því að vera með skýra sýn í málefnum eldra fólks ætlar Akraneskaupstaður að taka markvisst utan um þjónustu við þennan hóp íbúa sveitarfélagsins til að hámarka farsæld þeirra. Með eldra fólki er átt við fólk sem er orðið 67 ára og eldra.

Stefna Akraneskaupstaðar í öldrunarþjónustu gildir fyrir alla þjónustu við eldra fólk á vegum sveitarfélagsins.

## 3 Eignarhald, endurskoðun og birting stefnu

Stefna þessi er staðfest og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar. Bæjarstjóri annast framkvæmd stefnunnar.

Stefnuna skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Við endurskoðun þarf að bera tillögur að breytingum fyrst undir velferðar- og mannréttindaráð og samþykki ráðið uppfærða stefnu fer hún til samþykktar í bæjarstjórn.

Stefnan skal birt á heimasíðu Akraneskaupstaðar, [www.akranes.is](http://www.akranes.is)

## 4 Hlutverk og ábyrgð

### Bæjarstjóri

Bæjarstjóri annast framkvæmd stefnunnar og ber ábyrgð á að viðeigandi endurskoðun stefnunnar eigi sér stað.

### Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og að gæta að því að reglur og verklag sé í samræmi við stefnuna og að viðeigandi starfsmenn séu upplýstir um efni hennar.

### Móttöku- og matsteymi

Hlutverk móttöku- og matsteymis er að taka á móti umsóknum um stuðningsþjónustu/heimaþjónustu hjá Akraneskaupstað, Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) og dagdvöl Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis (Höfði).

Markmið með teyminu er að einfalda umsóknarferlið um stuðningsþjónustu/heimaþjónustu og ná yfirsýn yfir þjónustubörfina.

Aðilar í teyminu eru fulltrúi frá stuðningsþjónustu Akraneskaupstaðar, heimahjúkrun HVE og Höfða.

Móttöku- og matsteymið skal setja sér verklagsreglur og skulu þær vera aðgengilegar á [www.akranes.is](http://www.akranes.is)

### Endurhæfingarteymi

Markmið endurhæfingarteymis fyrir eldra fólk er að endurhæfa einstaklinga við að ná ákveðnum markmiðum varðandi líkamlega getu, athafnir og þátttöku í samfélaginu. Teymið tekur við tilvísunum

frá móttöku- og matsteymi um stuðningsþörf. Endurhæfingarteymið greinir stöðuna út frá tilvísun, setur upp aðgerðaáætlun um þjónustu, vinnur sjálfst að aðgerðum eða setur í viðeigandi farveg.

Aðilar í teyminu eru m.a. iðjuþjálfari, sjúkraþjálfari, hjúkrunarfræðingur og/eða aðrir fagaðilar. Endurhæfingarteymið getur kallað til sín aðra fagaðila eftir þörfum hverju sinni.

Endurhæfingarteymið skal setja sér verklagsreglur og skulu þær vera aðgengilegar á [www.akranes.is](http://www.akranes.is).

## 5 Stefna í öldrunarþjónustu

Með öflugri og samþættri þjónustu ætlar Akraneskaupstaður að tryggja að þörfum eldra fólks á Akranesi sé mætt hvort sem er á heimili fólks eða í öðrum búsetuúrræðum. Hugmyndafræðin sem unnið er eftir er sú að mæta fólki þar sem það er statt, svokölluð „þjónandi leiðsögn“. Markmiðið er að veita fólki þjónustu eftir þörf hvers og eins. Að fólk hafi val um að fá þjónustu heim eða nýta sér þau úrræði sem í boði eru í sveitarfélaginu. Fjölgun í hópi eldra fólks hjá Akraneskaupstað, sem og á landsvísu, kallar á margvíslegar lausnir á öllum sviðum og betri samþættingu í þjónustu. Ný tækifæri eru s.s. í velferðartækni, tengt farsæld og velferð, sem og í þéttari samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Það er stefna Akraneskaupstaðar að þjónusta eldra fólk sem lengst í heimahúsum og bjóða upp á velferðartækni til að styðja við þá stefnu. Með velferðartækni er einstaklingum hjálpað við að bæta lífsgæði sín með því að nýta sér margreyndar lausnir sem allar hafa það markmið að veita aukin tækifæri til þátttöku í samfélaginu.

Akraneskaupstaður leggur áherslu á eftirfarandi:

- Að samspil heimaþjónustu og heimahjúkrunar verði hnökralaust þannig að upplifun þjónustuþega verði sem best og að þeir geti dvalið á heimilum sínum sem lengst
- Að hlutverk Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða sé skýrt og upplýsingar þar að lútandi aðgengilegar
- Að brúa betur bilið milli þess sem eldra fólk býr í heimahúsum eða á hjúkrunarheimili
- Að bæta þjónustu við eldra fólk sem kys að búa sjálfstætt
- Að efla þjónustugæði og auka tækifæri eldra fólks með innleiðingu á stafrænni þjónustu
- Að viðbragðstími Öryggisfyrirtækja sem taka að sér öryggisþjónustu fyrir Akraneskaupstað í þessum málaflokki, sé stuttur.
- Að styðja við sjálfsprottið félagsstarf til að efla félagslega samveru og þátttöku eldra fólks.

## 6 Heimaþjónusta og heimahjúkrun

Mikilvægt er að gera umsóknarferli um heimaþjónustu eða heimahjúkrun einfalt fyrir umsækjendur og að verkferlar í afgreiðslu umsókna séu skilvirkir. Halda skal utan um upplýsingar með öruggum hætti og þannig að heildstæð sýn sé yfir þjónustuþörfina. Móttöku- og matsteymi afgreiðir umsóknir sem berast og sníðir þjónustuna sem best að þörfum umsækjandans á sem skilvirkastan hátt. Endurhæfingarteymið tekur síðan við tilvísunum frá móttöku- og matsteyminu um stuðningsþörf, greinir stöðuna út frá tilvísun, setur upp aðgerðaáætlun um þjónustu, vinnur sjálfst að aðgerðum eða setur í viðeigandi farveg.

Akraneskaupstaður skal beita sér fyrir aukinni notkun velferðartækni og stafrænnar þjónustu í heimaþjónustu, heimahjúkrun og hjá móttöku- og matsteymi sem og endurhæfingarteymi, til að létta undir með þjónustuþegum, sem og þeim starfsmönnum sem sinna mikilvægum störfum þessu tengt.

Akraneskaupstaður er eitt þriggja sveitarfélaga sem vinnur að miðlægu umsóknarformi í gegnum [www.Island.is](http://www.Island.is) með það að markmiði að samræma umsóknarform fyrir alla þjónustu á vegum Akraneskaupstaðar.

## 7 Þjónusta við eldra fólk sem býr sjálfstætt

Kjósi eldra fólk að búa sjálfstætt skipta búsetuúrræði í boði miklu máli og því mun Akraneskaupstaður beita sér fyrir því að sem fjölbreyttustu kostir til búsetu séu á Akranesi fyrir þennan hóp. Efla skal velferðartækni og auka persónulega þjónustu við fólk sem býr heima. Öryggisþjónusta sem Akraneskaupstaður gerir samninga um í þessum málaflokki þarf að standast kröfur sem sveitarfélagið setur fram þessu tengt s.s. varðandi viðbragðstíma og velferðartækni.

Akraneskaupstaður skal bjóða upp á lausnir tengdar akstri fyrir eldra fólk til að minnka líkurnar á félagslegri einangrun fólks sem á erfitt með að koma sér sjálft milli staða.

## 8 Heilsuefling og félagsleg þátttaka eldra fólks

Heilsuefling miðar að því að gera fólki kleift að lifa heilsusamlegu lífi við heilnæmar aðstæður. Heilsa og vellíðan er afurð af samspili einstaklinga og þeirra nánasta umhverfi og aðstæðna. Í heilsueflingarstarfi er markvisst unnið með áhrifaþætti heilbrigðis. Leitast er við að skapa félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar aðstæður og umhverfi sem hlúir að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan fólks með ólíkar þarfir. Það er mikilvægt að allir búi við eins góða heilsu og kostur er, þar skipta heilsuefling og forvarnir miklu máli. Það liggur fyrir að það fjölgar í elstu aldurshópnum og því mikilvægt að augin áhersla sé lögð á heilsueflingu eldra fólks.

Sambætt þjónusta og úrræði tengd heilsueflingu eldra fólks skal vera vel kynnt og aðgengileg á [www.akranes.is](http://www.akranes.is). Bjóða skal upp á kostnaðarminni úrræði í tengslum við heilsueflingu, eða styrki, til að mæta kostnaði einstaklinga.

## 9 Upplýsingamiðlun

Akraneskaupstaður leggur ríka áherslu á að eldra fólk geti nálgast upplýsingar, m.a. um félagsstarf, viðburði og þjónustu kaupstaðarins og annarra aðila á sem einfaldastan hátt. Akraneskaupstaður leggur áherslu á að boðleiðir séu stuttar og eldri borgarar fái skýra leiðsögn um þá þjónustu og þá möguleika sem eru í boði. Brýnt er að vefur, þar sem öll þjónusta við eldra fólk á vegum bæjarfélagsins kemur fram, sé bæði upplýsandi og notendavænn. Þá séu upplýsingar læsilegar og aðgengilegar, bæði í útgefnu efni á vegum sveitarfélagsins sem og á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Tryggja þarf aðgengi að upplýsingum um alla öldrunarþjónustu bæjarins á einum stað þar sem eldra fólk getur leitað ráðgjafar. Samræmi þarf að vera í upplýsingagjöf til notenda hjá þeim aðilum er leiða þjónustu bæjarfélagsins í málaflokknum.

## 10 Skýrt hlutverk Höfða í málefnum eldra fólks

Höfði er hjúkrunar- og dvalarheimili rekið af Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit með greiðslum frá hinu opinbera. Það þjónustustig sem Akraneskaupstaður vill bjóða upp á varðandi Höfða kallar á stækkun heimilisins til að minnka biðlista. Akraneskaupstaður vill til lengri tíma auka enn frekar þjónustu í formi dagdvalar, almennrar dagdvalar, sveigjanlegrar dagdvalar, sjúkraþjálfunar og iðjuþjálfunar. Auk þess leggur Akraneskaupstaður áherslu á að fjölga þurfi endurhæfingarrýmum og fjölga hvíldarrýmum. Akraneskaupstaður áformar að eigendur Höfða muni fara í viðræður við ríkið um ofangreinda þætti.